

Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar

Skýrsla stjórnar 2018

Jesús segir: „Nýtt boðorð gef ég yður, að þér elskið hvert annað. Eins og ég hef elskað yður skuluð þér einnig elska hvert annað. Á því munu allir þekkja að þér eruð mínir lærisveinar ef þér berið elsku hver til annars.“ (Jóh.13.34-35)

Árið 2018

Janúar - Janúarnámskeið

Árið byrjaði af krafti með námskeiði í Skálholti fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi af öllu landinu. Markmið námskeiðisins var að kenna það sem eflir leiðoga í starfi sínu. Við fengum þjálfara frá Dale Carnegie, Agnesi Ósk Sigmundsdóttur, sem kenndi framsögn, framkomu og hvernig við vöxum í starfi. Með henni þjálfuðum við okkur í því að fara út fyrir þægindarammann. Formaður ÆSKP, Eva Björk Valdimarsdóttir kenndi hvernig á að gera hugleiðingar og benti á gott lesefni til innblásturs. Þá gerðum við verkefin í hópum þar sem við könnuðum mismunandi túlkanir á nokkrum Biblíutextum. Framkvæmdastjóri ÆSKP, Jónína Sif Eypórsdóttir talaði um það hvernig best er að byggja upp og viðhalda æskulýðsfélagi og eftir það voru umræður um það hvað hefði virkað vel og hvað ekki hjá hverjum og einum. Það sem var okkur þótti áberandi á námskeiðinu var hve dýrmætt fólki þótti það að hafa tækifæri til þess að koma saman yfir helgi og kynnst öðrum leiðtogum og sköpuðust mjög líflegar og góðar umræður um starf æskulýðsleiðtogans.

Febrúar - Aðalfundur

Aðalfundur ÆSKP var haldin í Neskirkju þann 28. febrúar 2018. Þá var kosin nýr ritari í stjórn ÆSKP Daníel Ágúst Gautason og tveir meðstjórnendur þau Ása Laufey Sæmundsdóttir og Sigurður Óskar Óskarsson. Varastjórn var einnig kosin og hana skipuðu; Berglind Hönnudóttir, Hjalti Jón Sverrisson, Jens Elí Gunnarsson, Margrét Heba Atladóttir og Sóley Adda Egilsdóttir. Þá er Eva Björk Valdimarsdóttir áfram formaður og Katrín Helga Ágústsdóttir áfram gjaldkeri.

Apríl - alþjóðlegt samstarf

Við héldum áfram samstarfi okkar við European Fellowship of Christian Youth (EF) og voru Jónína Sif og Sigurður Óskar fulltrúar ÆSKP á aðalfund EF sem haldin var í Kaupmannahöfn. Þar var farið yfir starf sambandsins og fjármál, framtíð þess rædd og nýr formaður kosinn, Simon Gallaher frá Boys Brigade á Írlandi. Fundurinn gekk vel og gaman að sjá hve mikið starf er í gangi hjá öllum aðildarfélögum European Fellowship. Ljóst er að mörg tækifæri eru til staðar til eflingar erlends samstarfs.

Maí - Kirkjuþing unga fólksins

Árlegt Kirkjuþing unga fólksins var haldið á Biskupsstofu en verkefnastjórar verkefnastjórar í ár voru Kristján Ágúst Kristjánsson og Ása Laufey Sæmundsdóttir. Kirkjuþing unga fólksins er afskaplega mikilvægur vettvangur fyrir ungt fólk í kirkjunni. Þar fær ungt fólk að láta rödd sína heyrast og tækifæri til þess að móta kirkjuna sína. Í ár voru samþykktar tillögur voru um breytingar er varða á þingsköpum, skipan og fjölda fulltrúa milli prófastsdæma. Þá var ákveðið að lengja Kirkjuþing unga fólksins og mun það næst standa yfir helgi.

Ágúst - Alþjóðlegt leiðtoganámskeið - Play, Learn and Live

Við höldum nýtt námskeið í ágúst, alþjóðlegt leiðtoganámskeið í samstarfi við Erasmus+ á Úlfljótsvatni og fengum þangað erlenda gesti frá Rúmeníu og Danmörku auk íslenskra þátttakenda. Jónína Sif sótti um styrk fyrir námskeiðinu og skipulagði það en Sigurður Óskar sá um framkvæmd þess ásamt Katrínu Helgu, Margréti Hebu og Evu Björk. Á námskeiðinu lærðum við um leiki í æskulýðsstarfi. Pétur Björvin Þorsteinsson kenndi okkur hvaða leikir henta á mismunandi tímum og skeiðum í æskulýðsstarfinu. Hann lagði áherslu á það hvað hópar í æskulýðsfélögum eru ólíkir eftir því á hvaða stigi þeir eru. Á haustin þegar æskulýðsfélagið er að byrja er hægt að nota ákveðna leiki og ákveðið stig boðunnar. Þegar æskulýðsfélagið er komið inn í veturinn er hægt að nota leiki sem krefjast meira af hópnum og þá getur boðun og þáttaka í helgihaldi aukist. Þegar hóprinn er kominn inn í vorið hefur skapast meira traust og þá er hægt að nota leiki sem krefjast meiri nándar og þá getur boðun líka verið meiri og unglíngarnir deilt reynslu sinni í helgistundum. Við lærðum leiki sem brjóta ísinn í byrjun, leiki sem skapa traust og einnig hve mikilvægt það er að hafa chill zone. Félagar frá spilabúðinni Nexus kenndu okkar um spil og á nokkur spil og Ólafur Stefánsson heimspekingur og handnbolta kempa færði okkur inn í heim sagna, tónlistar og ímyndunaraflsins. Þá fengum við að njóta þess sem Úlfljótsvatn hefur uppá að bjóða með leiðsögn skátana á svæðinu sem kenndu okkur bogfimi og klifur í klifurturninum. Námskeiðið var afar lærdómsríkt fyrir öll okkar sem tókum þátt, hópurinn kynntist vel. Það var sérstaklega gagnlegt og gefnadi það sem Pétur Björgvin hafði fram að færa og er það von okkar að geta fengið hann aftur.

Ágúst - Reykjavík Pride

Í ár tókum við í sjötta sinn þátt í Gleðigöngunni. Hjalti Jón Sverrisson og Sigurður Óskar Óskarsson sáu um undirbúning göngunnar. Yfirskrift okkar í göngunni var tekin úr Mattheusarguðspjalli „Þér eruð ljós heimsins. Borg, sem á fjalli stendur, fær ekki dulist“ og

vorum við þar að vísa í það að hver og einn á að láta ljós sitt skýna nákvæmlega eins og hann er, gay, trans, bi, intersex og hvernig svo sem við viljum skilgreina kyn okkar kynhneigð eða kynverund. Þegar við stýlltum okkur upp á Sæbrautinni heyrðum við sagt í vagninum fyrir aftan okkur: „þetta er kirkjan“, þátttaka ÆSKP er orðin sjálfsagður hlutur í gleðigöngunni og fólk þekkir okkur.

Október - Landsmót ÆSKP

Landsmót ÆSKP var að þessu sinni haldið á Egilsstöðum helgina 26. – 28. október 2018. Yfirskrift mótsins var Leikandi Landsmót og þemað leikir og notkun leikja til að rjúfa félagslega einangrun. Í ár horfðum við í eigin barm, hver erum við og hvað skiptir okkur máli og hvernig eflum við samskipti okkar við náungan. Margir unglingar glíma við félagslega einangrun jafnvel þó svo að framboð af afþreyingu hafi sjaldan verið meira. Margir sáu tölvur og síma sem lausn, með því að sökkva sér inn í þann heim þarf ekki að takast á við þau fjölmörgu og flóknu verkefni sem félagsleg samskipti eru.

Á mótinu vildum við gefa unglingunum okkar tækifæri til að læra nýja leiki, reyna að hjálpa þeim að opna sig og njóta staðar og stundar í algleymingi góðs leiks og samveru stundar með vinum. Í leikjum lærum við að treysta bæði okkur sjálfum en líka náunganum.

Við erum sköpunarverk Guðs og líkt og þegar við leggjum okkur fram við að vernda náttúruna þá skiptir máli að við leggjum okkur fram um að vernda, styrkja og efla okkur sjálf. Að einstaklingurinn fái að blómstra. Framkvæmdastjóri, landsmótsstjóri og landsmótsnefndin unnu ákaflega vel saman. Hver og ein einasta manneskja í nefndinni var ómissandi. Allir höfðu sín verkefni og hlutverk en á sama tíma gengu allir í þau verk sem þurfti að vinna. Nefndin tókst á við krefjandi verkefni og leysti þau öll farsællega úr hendi. Það er ógleymanlegt og alls ekki sjálfgefið að vinna með hópi af fólki sem vinnur eins og vel smurð vél að gera svona mót mögulegt. Einnig má hafa í huga að til að landsmót eins og þetta geti átt sér stað vegur velvild sveitarfélaganna þungt. Án þeirra stuðnings og framlags í formi láns á húsnæði væri ekki fjárhagslega mögulegt að halda slíkt mót. (Tekið úr skýrslu Landsmótsstjóra).

Lokaorð formanns ÆSKP

Árið 2018 var um margt óvenjulegt. Við höfðum tvo framkvæmdastjóra á árinu, Jónínu Sif Eyþórsdóttur fyrri hluta árs og Sigurð Óskar Óskarsson sem leysti Jónínu Sif af seinni hluta árs á meðan hún var í fæðingarorlofi. Það reyndi því meira á stjórn ÆSKP en oft áður að leggja hönd á plóginn í verkefnum ársins. Stjórnin var alltaf boðin og búin til að hjálpa til. Katrín Helga og Margrét Heba voru hjálpuðu til við undirbúning alþjóðlega

leikjanámskeiðisins ásamt formanni og vil ég þakka þeim fyrir að bregðast við með litlum fyrirvara. Hjalti Jón hefur í nokkur ár tekið að sér skipulagningu þátttöku okkar í gleðigöngunni og Ása Laufey Sæmundsdóttir hefur tekið að sér verkefnastjórn fyrir Kirkjuping unga fólksins. Það er ljóst að ómögulegt væri að halda úti metnaðarfullu og blómlegu starfi félagasamtaka eins og ÆSKP án þess að hafa góða stjórn, fólk sem brennur fyrir æskulýðsstarf kirkjunnar og er tilbúið að leggja á sig vinnutarnir sem þessar. Ég vil þakka stjórn ÆSKP fyrir gefandi samstarf, fórnir, dugnað og frábæran húmor. Þá vil ég þakka Jónínu Sif og Sigurði Óskari framkvæmdastjórunum okkar fyrir að leggja meira á sig en ætlast er til og vera alltaf boðin og búin að láta verkefnin ganga upp og prófa eitthvað nýtt.

Fyrir hönd stjórnar ÆSKP

Eva Björk Valdimarsdóttir formaður ÆSKP